

## Efnisyfirlit

1,0 Inngangur .....	1
2,0 Skýrsla stjórnar.....	1
2,1 Metanverkefni.....	1
2,2 Förgun ehf.....	1
2,3 Svæðisáætlun .....	2
2,4 Kaup á Kirkjuferjuháleigu .....	2
2,5 Samstarfsvettvangur.....	2
2,6 Nýr urðunarstaður.....	3
2,7 Samningur Sorpstöðvar Suðurlands og SORPU .....	3
2,8 Umhleðslustöð .....	4
2,9 Meðhöndlun seyru.....	5
2,10 Tillögur að framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi.....	5
2,11 Blá tunna, söfnun á pappír og pappambúðum .....	5
2,12 Önnur flokkunarverkefni .....	6
2,13 Lokaorð. Áhersla frá stjórn.....	6
3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.....	8
3,1 Starfsmenn .....	8
3,2 Eignaraðilar .....	8
3,3 Afkoma.....	8
3,4 Gjaldskrá.....	9
4,0 Ýmis verkefni .....	11
4,1 Grænt bókhald.....	11
4,2 Kynnisferð til SORPU.....	12
4,3 Endurnýjun á starfsleyfi.....	12
4,4 Viðbragðsáætlun um órofin rekstur á neyðartímum.....	12
4,5 Rafeindaúrgangur.....	12
4,6 Hagsmunagæsla Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.....	13
4,7 Heimasiðan <a href="http://www.sorpstodsudurlands.is">www.sorpstodsudurlands.is</a> og <a href="http://www.blatunna.is">www.blatunna.is</a> .....	14
4,8 Færanleg brennsla.....	14
4,9 Eftirlit UST .....	14
4,10 Mælingar á sigvatni.....	14
5,0 Viðaukar.....	14



*Hráefni til endurvinnslu*

## 1,0 Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem samanstendur af skýrslu stjórnar og skýrslu framkvæmdastjóra fyrir starfsárið 2009 - 2010 er fjallað um störf stjórnarinnar á milli aðalfunda 15. október 2009 og 13. September 2010, grein gerð fyrir starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári og einnig fjallað um ýmis þau verkefni sem fyrirtækið hefur látið til sín taka eða verið þátttakandi í með öðrum aðilum. Allar tölfræði og fjárhagsupplýsingar miðast við almanaksárið 2009.

## 2,0 Skýrsla stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Örn Þórðarson formaður, Ragnheiður Hergeirsdóttir, varaformaður og Ólafur Áki Ragnarsson.

Varamenn: Jón Hjartarson, Aldís Hafsteinsdóttir og Elvar Eyvindarson.

Skoðunarmenn: Jón Valgeirsson og Margrét Sigurðardóttir.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi auk aukaáðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni.

## 2,1 Metanverkefni.

Gert var samkomulag við Metan hf. um tilraunaboranir, mælingar og úrvinnslu gagna en tilgangur verkefnisins er að athuga möguleikann á söfnun Metans á Kirkjuferjuháleigu. Eftir 16 júlí 2009 er urðunarstöðum sem taka við blönduðum úrgangi skylt að safna og eyða metangasi. Í september 2009 skilaði verkfræðistofan Mannvit greinargerð um söfnun og nýtingu hauggass á Kirkjuferjuháleigu. Boraðar voru tvær rannsóknarholur og þær mældar og álagsprófaðar. Í sumar hefur Verkfræðistofan Mannvit unnið að lokaskýrslu um hagkvæmni þess að virkja metan í Kirkjuferjuháleigu.

## 2,2 Förgun ehf.

Sorpstöð Suðurlands á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Förgunar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Rekstur verksmiðjunnar hefur verið í uppbyggingu og lagðir hafa verið töluverðir fjármunir í uppfærslu og endurnýjun á búnaði í verksmiðjunni. Nú þegar urðun á sláturúrgangs á Suðurlandi er að mestu lokið er mikilvægt að tryggur farvegur sé fyrir sláturúrgang til framtíðar litið.

Markaðsmöguleikar afurða verksmiðjunnar hafa tekið breytingum. Mjölið er að mestu selt til Asíu en töluvert hefur verið selt í landgræðslu og ræktunarverkefni. Fitan er notuð sem eldsneyti í verksmiðjunni og einnig er fitan seld í svína- og loðdýrafóður. Stefnt er að hefja sölu á fitu til lífdísselframleiðslu haustið 2010.

## 2,3 Svæðisáætlun

Verkefnisstjórn um svæðisáætlun skilaði af sé endurskoðaðri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs árið 2009. Í verkefnisstjórn áttu sæti fulltrúar Sorpstöðvar Suðurlands, SORPU, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpurðunar Vesturlands.

Megin verkefni verkefnisstjórnar var endurskoðun á áætlun um meðhöndlun úrgangs fram til ársins 2020. Um er að ræða áætlun fyrir 34 sveitarfélög með alls um 251 þúsund íbúa og samtals falla til um 400 þúsund tonn af sorpi árlega á svæðinu.

Áætlunin sýnir núverandi stöðu úrgangsmála á svæðinu, spá um mögulega þróun til ársins 2020 og áætlun um þær aðgerðir sem ráðist verður í til að búa sveitarfélögin undir að mæta þeim kröfum sem settar eru um meðhöndlun úrgangs.

Sú staðreynd, að ofangreind fyrirtæki og þau sveitarfélög, sem að þeim standa, hafa tekið ákvörðun um að vinna eina sameiginlega svæðisáætlun, er staðfesting á hraðfara þróun alls svæðisins í átt til eins sameignlegs atvinnu- og búsetusvæðis þar sem skil og mörk á milli aðila sem áður áttu sér eðlilegar forsendur, geta í dag hindrað eðlilega þróun og val á þeim leiðum sem tryggja íbúum og fyrirtækjum bestu og hagkvæmstu þjónustu.

Auknar kröfur um meðhöndlun úrgangs, einkanlega krafan um umtalsverða minnkun á urðun lífræns úrgangs á komandi árum, kalla enn frekar á að menn snúi bökum saman og leiti bestu lausna, þ.m.t. þeirra sem falist geta í öflugum samstarfi og hagkvæmni stærðarinnar. Sú niðurstaða, sem hér er sett fram er fyrsta endurskoðaða útgáfa svæðisáætlunarinnar. Hún skiptist í fjóra meginþætti:

1. Lýsing á núverandi stöðu og þróun síðustu ára.
2. Spá um þróun til ársins 2020.
3. Lýsing á þeim leiðum sem fyrirhugað er að ráðist verði í til meðhöndlunar úrgangs.
4. Umhverfismat áætlunarinnar.

Endurskoðuð svæðisáætlun var send aðildarsveitarfélögunum síðast liðið vor til staðfestingar og hafa öll sveitarfélögin nú staðfest áætlunina.

## 2,4 Kaup á Kirkjuferjuháleigu

Sorpstöð Suðurlands keypti Kirkjuferjuháleigu af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í desember 2009. Um er að ræða 30,9 ha land þar sem Sorpstöðin hefur frá 1995 rekið urðunarstað. Kaupverðið var 9,3 milljónir.

## 2,5 Samstarfsvettvangur

Svæðisáætlun 2009 til 2020 hefur verið staðfest og til þess að framfylgja þeirri áætlun hefur verið stofnað til formlegs samstarfsvettvangs sömu aðila og staðið hafa að svæðisáætluninni. Um er að ræða Sorpu bs, Sorpurðun Vesturlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpstöð Suðurlands bs. helstu verkefni eru:

1. Endurskoðun og eftirfylgni svæðisáætlunar.
2. Gera tillögur til stjórna samningsaðila um samræmdar aðgerðir á starfssvæðunum sem ná til allra þátta úrgangsmála og geta leitt til gagnkvæms ávinnings.
3. Vera stjórnnum samningsaðila til ráðgjafar um málefni sem þær óska sérstaklega að um verði fjallað.
4. Boða til sameiginlegs fundar stjórna samningsaðila reglulega.

Vilhjálmur Vilhjálmsson hefur verið formaður frá stofnun og haldnir haf verið fundir upb mánaðarlega.


## 2,6 Nýr urðunarstaður

Á framhaldsaðalfundi SOS 20. nóvember var ákveðið að leggja áherslu á að finna nýjan urðunarstað á Suðurlandi. Auglýst var eftir landi til nota undir urðunarstað, haft var sambandi við helstu fasteignarsölur og svo voru tekin fram gögn sem unnin voru fyrir fyrstu útgáfu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, en þar hafði verið tekin saman listi yfir staði sem nothæfir væru til urðunar.

Níu jarðir og staðir voru teknir til frekari skoðunar og metið hvort þeir uppfylltu grunnskilyrði sem gilda um urðunarstaði. Jafnframt voru staðirnir bornir saman í tveim mismunandi matskerfum.

Haft var samband við landeigendur og þau sveitarfélög sem líklegustu staðirnir eru staðsettir.

Næsta skref er í höndum viðkomandi sveitarfélaga og þeirra sveitarfélaga sem telja sig geta boðið fram stað undir urðun og tengda úrgangsmeðhöndlun. Í flestum tilfellum þarf að breyta aðalskipulagi og gera tilheyrandi deiliskipulag. Umhverfismat þarf að framkvæma og ýmsa hagkvæmni reikninga. Viðhorf og vilji viðkomandi sveitarfélaga er það sem núna þarf að koma fram svo hægt sé að halda undirbúningsvinnu áfram.



*Nessandur*

## 2,7 Samningur Sorpstöðvar Suðurlands og SORPU

Sveitarfélögin hafa mikilvægum skyldum að gegna á sviði úrgangsstjórnunar. Meðal annars ber sveitarfélögunum að tryggja að farvegur sé fyrir það sorp sem til fellur innan sveitarfélagamarka á hverjum tíma. Með þetta að leiðarljósi var gengið frá samkomulagi við SORPU um móttöku á sorpi og flokkuðum efnum til endurvinnslu. Til að tryggja að

Öll sveitarfélög gætu haft að gang að eyðingu blandaðs úrgangs var gerður viðauki við samkomulagið þar sem samningar nokkurra sveitarfélaga samræmdust ekki skilyrðum upphaflega samkomulagsins. Var þetta meðal annars niðurstaða undirbúningsfundar fyrir framhaldsaðalafund sem haldinn var í Þorlákshöfn 6. Nóvember.

Íslenska gámafélagið lagði inn kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna samkomulagsins, Samkeppniseftirlitið hefur ekki komist að niðurstöðu vegna kvörtunarinnar. Íslenska gámafélagið lagði fram stjórnsýslukæru til Samgönguráðuneytisins vegna samkomulagsins, ekki hefur borist niðurstaða í því máli.

## 2,8 Umhleðslustöð

Í tillögum framhaldsaðalfundar sem samþykktar voru 20. nóvember 2009 var Sorpstöðinni meðal annar falið að vinna að undirbúningi að uppsetningu umhleðsluáðstöðu í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og neikvæðum umhverfisáhrifum vegna flutninga með sorp og endurvinnanleg efni.

Haldinn var kynningarfundur 4. febrúar þar sem tillaga að einfaldri umhleðslustöð var kynnt.

Haldin var aukaaðalfundur 22. mars, þar var tekin fyrir eftirfarandi tillaga um umhleðslustöð:

„ Aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkja að Sorpstöð Suðurlands bs. komi upp umhleðslustöð ásamt því að kaupa eða leigja tilskyldan búnað til rekstur slíkrar stöðvar samanber tillögur sem kynntar voru aðildarsveitarfélögunum 4. febrúar 2010.

Ein samræmd gjaldskrá mun gilda fyrir öll aðildarsveitarfélög SOS, sem skila úrgangi í umhleðslustöðina.

Jafnframt upplýsa aðildarsveitarfélögin um hvort þau ætli að skila þeim úrgangi og endurvinnanlegum efnum sem þau hafa umráð yfir inn í umhleðslu- og flokkunarstöðina. „

Helstu ástæður fyrir uppsetningu umhleðslustöðvar eru:

- a) Ferðum með sorp og endurvinnanleg efni fækkar um u.þ.b. 80%.
- b) Kostnaður sveitarfélaganna og fyrirtækja vegna flutninga á sorpi minnkar.
- c) Afslættir í Gufunesi nýtast betur.
- d) Framkvæmdin er ódýr og afturkræf, en ekki er víst að þörf verði fyrir umhleðslustöð ef urðunarstaður verður opnaður miðsvæðis.

Um miðjan júní var tekið við fyrstu förmunum til umhleðslu í Víkurheiði 4, en þar er jafnframt gámasvæði Árborgar. Starfsemin fór vel af stað og auðvelt reyndist að halda svæðinu snyrtilegu. Sjá nánar í lið 3,6.



Fyrsti farmurinn

## 2,9 Meðhöndlun seyru

Teknar voru saman upplýsingar um helstu leiðir til meðhöndlunar seyru. Sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu stofnuðu svo til vinnuhóps sem vann áfram að málinu.

## 2,10 Tillögur að framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi

Eftirfarandi tillögur voru samþykktar á framhaldsaðalfundi 20. nóvember 2009.

1. Að vinna áfram að undirbúningi að nýjum urðunarstað / stöðum á Suðurlandi.
2. Að vinna að undirbúningi að uppsetningu umhleðsluadstöðu einni eða fleiri í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og neikvæðum umhverfisáhrifum á óhjákvæmilegum flutningi með sorp og endurvinnanleg efni.
3. Stofna til samráðs um fræðslu um breytta úrgangsmeðhöndlun á svæðinu.
4. Að vinna áfram á samráðsvettvangi sveitarfélaganna á SV horninu um framkvæmd svæðisáætlunar. Lögð verður áhersla á endurskoðun svæðisáætlunar á árinu 2010 í ljósi breyttra aðstæðna.
5. Að vinna áfram með verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um hagsmunagæslu sveitarfélaganna á sviði úrgagnsstjórnunar.

## 2,11 Blá tunna, söfnun á pappír og pappaubúðum

Eftir að fallið var frá hugmyndum um sameiginlegt útboð á blárri tunnu lagði stjórn SOS til við sveitarfélögin að þau hvert fyrir sig semji um þessa þjónustu við þjónustuaðila en útlit, kynning og innihald verkefnisins verði staðlað. Mikilvægt er að taka það fram að efnin sem flokkast verði skilað inn í farvegi Sorpu þar sem það er ein af grunnforsendum samkomulags SOS og Sorpu á sorpi af Suðurlandi eftir að Kirkjuferjuháleigu lokar.

Sveitarfélagið Ölfus hefur frá maí 2009 boðið heimilum og stofnunum bláa tunnu undir pappírsúrgang og hafa viðtökur verið góðar.

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur taka upp nýtt sorphirðu og flokkunarkerfi 1. október og helstu breytingar þar eru að sveitarfélögin verða tunnuvædd með tveim tönnum á hvert heimili og fyrirtæki, þar sem önnur tunnan verður fyrir sorp en hin blátunna undir flokkaðan pappír. Gámasvæðum verður fækkað og þau þrjú sem verða opin verða mönnum með skilgreindan opnunartíma. Sveitarfélagið Árborg bættist svo í hópinn á árinu og dreifði blátunnu á hvert heimili í sveitarfélaginu. Rangárþing ytra og Ásahreppur hafa hafið undirbúning að

blátunnuvæðingu. Nú er u.þ.b. 55 % heimila á starfssvæði SOS komin með blátunnu og einnig hefur meirihluti sumarbústaða aðgengi að sömu flokkun.

## 2,12 Önnur flokkunarverkefni

Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hveragerði ákveðið að fara aðrar leiðir varðandi hirðu sorps og ráðstöfun efna til endurvinnslu. Um er að ræða lausn sem byggir á þremur ruslatunnum þar sem þjónustuaðilinn annast meðhöndlun lífræns úrgangs og flokkaðra efna sem koma í sitthvora tunnuna. Blandaða úrganginum er svo skilað beint í Gufunes.

## 2,13 Tillögur að reglum um meðferð sláturúrgangs

Í samkomulagi SOS og SORPU er kveðið á um að hefja undirbúning að uppsetningu varanlegra leiða til meðhöndlunar á öllum sláturúrgangi og dýraleifum. Meirihluti sláturúrgangs sem fellur til á Suðurlandi er endurunnin hjá Förgun ehf. og hjá Fóðurstöð Suðurlands. Sláturúrgangur sem ekki uppfyllir móttökuskilyrði Förgunar ehf. þarf að farga með öðrum aðferðum. SORPA hefur tekið við dýrahraejum og þeim förmum sem ekki eru unnin hjá Förgun. SORPA mun ekki taka við áhættuvef frá sauðfjárslátrun og úrgangi sem fellur til við riðuniðurskurð. SOS hefur leitað samstarfs við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja um þann úrgang.

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi hefur samið drög að reglum um meðferð og förgun sláturúrgangs og hafa þau drög verið kynnt hagsmunaaðilum. Tillögurnar verða sendar sorpsamlögum til samþykktar.



*KALKA Sorpbrennslustöð.*

## 2,13 Lokaorð

Tímamót eru orðin í úrgangsmeðhöndlun á Suðurlandi, urðunarstaðnum á Kirkjuferjuháaleigu var lokað 1. desember sl.. Gengið hefur verið frá Samningi milli Sorpstöðvar Suðurlands og Sorpu um móttöku á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi þannig er tryggt að sveitarfélögin á Suðurlandi geta staðið við sínar skyldur.

Ljóst er að kostnaður vegna sorpmeðhöndlunar mun aukast við þessa breytingu. Þó verður að taka fram að úrgangsmagn viðrist vera að dragast en frekar saman. Nokkrar ástæðu má nefna fyrir minnkuninni. Helst er það efnahagskreppan svo hafa mörg sveitarfélög endurskodað sorphirðukerfin með tilskyldum árangri. Hækkun gjalda vegna sorpþjónustu að raunkostnaði virðis líka hjálpa til. Með tilkomu aukin umsvifna einkaaðila með sorp og endurvinnanleg efni tapast aðgengi sveitarfélaganna að

upplýsingum um magn úrgangs sem til fellur og er meðhöndlað á hverjum tíma, það gerir áætlanir og skráningu á þróun ómarkvissari.

Það má samt ekki gleyma því að fyrirleggjandi eru kröfur um aukna flokkun og takmörkun á urðun þannig að fyrri aðstæður gátu ekki staðið óbreyttar. Fyrirsjáanlegur kostnaðarauki og gjaldskrá Sorpu, mun leiða til þess að flokkun mun aukast þar sem flokkaður úrgangur er töluvert ódýrari en óflokkaður í gjaldskrá Sorpu. Annað sem er að breytast er að söfnun og flutningur á ópressuðu sorpi minnkar og hagkvæmni flutninga þar með aukast.

Urðunarstarfsemi Sorpstöðvar Suðurlands líkur nú í þeirri mynd sem hún hefur verið síðan 1981. Sterkur vilji er meðal eiganda til að finna nýja urðunarstað. Undirbúningur við það verk er hafinn og komið að þeim kafla þar sem sveitarfélögin verða að svara því hvort þau séu tilbúin að hýsa urðunarstað eða svæði þar sem meðhöndlun úrgangs fer fram.

Mikilvægt er að sveitarfélögin gefi þessu málaflokki tíma núna á breytingartímum og hafi að leiðarljósi lög, reglur, hagkvæmni og umhverfisvernd við val á nýjum lausnum. Að lokum er rétt að rifja það upp að úrgangsmeðhöndlun er mikilvæg grunnþjónusta í samfélaginu, þessi þjónusta er jafnfram ákaflega viðkvæm og vandmeðfarin þar er ekki bara átt við útfrá aðferaðfræði og tækni heldur út frá þeirri ímynd sem sorpmeðhöndlun hefur á hverjum tíma. Það verður að tala útávið þannig að bætt ímynd skapist og traust þeirra sem þurfa að læra og tileinka sér þær aðferðir sem teknar eru upp á hverjum tíma. Með sterkari jákvæðri ímynd verða aðferðirnar og kerfið allt hagkvæmara og árangursríkara.



*Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands:  
Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir og Ólafur Áki Ragnarsson*



## 3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.

### 3,1 Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi voru þrír. Guðmundur Tryggvi Ólafsson er framkvæmdastjóri. Arnar Árnason stjórnaði rekstri urðunarsvæðisins. Með honum starfaði Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Afleysingamaður starfaði á urðunarsvæðinu í sumar. Starfsmönnum á urðunarsvæði var sagt upp störfum fyrir áramót.

### 3,2 Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 9. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 11 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

Árið 2009	Alls íbúar	%	Eignarhlutur
Sveitarfélagið Árborg	7922	41,5	107.968.431
Hrunamannahreppur	793	4,1	10.807.746
Hveragerði	2.315	12,1	31.550.987
Sveitarfélagið Ölfus	1.997	10,5	27.216.985
Grímsnes- og Grafningshreppur	442	2,3	6.023.990
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	515	2,7	7.018.902
Bláskógabyggð	986	5,2	13.438.131
Flóahreppur	596	3,1	8.122.846
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.544	18,5	48.300.949
	<u>19.110</u>	<u>100,0</u>	<u>260.448.968</u>

Hagstofa Íslands, íbúafjöldi 2009  
 Tölur fengnar 20. ágúst 2010  
 Eigið fé SOS 2009 260.448.968 kr

### 3,3 Afkoma

Afkoma fyrirtækisins af reglulegri starfsemi var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld og fyrir óregluleg gjöld varð 25 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú 260 milljónir króna. Handbært fé í árslok er um 206 milljónir króna og hækkar um 38 milljónir króna á milli ára, en öll lán eru nú uppgreidd. Staða fyrirtækisins er því traust sem er mikilvægt því fyrirsjáanlegt er að nýjar framtíðarlausnir hafa mikinn kostnað í för með sér.

### 3,4 Gjaldskrá

Gjaldskrá Sorpstöðvarinnar hefur tekið breytingum í samræmi við breytt hlutverk. Fyrst eftir lokun Kirkjuferjuháleigu var innheimt í samræmi við móttökutaxta SORPU í Gufunesi og Álfsnesi. Viðskiptakjör voru breytileg og tóku mið af umfangi viðskipta. Til að standa straum af hluta fasts kostnaðar var samþykkt að innheimta umsýslugjald kr 1,4 á hvert kíló í flokki 101 og 250.

Við tilurð umhleðslustöðvarinnar var samþykkt ný gjaldskrá. Innifalið í gjaldskrá er móttaka, umhleðsla, akstur og móttökugjald SORPU. Stjórn leggur til að gjaldskrá hækki um 2% 1. september og um 6% 1. janúar 2011.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að aðalfundur staðfesti meðfylgjandi tillögu að gjaldskrá, með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

#### Gjaldskráin fyrir óflokkað sorp sem skilað er í Gufunes:

##### Umsýslugjald:

Gjald lagt á blandaðan úrgang í flokki 101	1,4 kr/kg.
Gjald lagt á grófan úrgang í flokki 250	1,4 kr/kg.

Gildir frá 1. desember 2009

Allar tölur eru án 25,5 % virðisaukaskatts.

Heimild er til að leggja á álag vegna óhefðbundins úrgangs

#### Gjaldskrá fyrir umhleðslustöð

Opnunartími umhleðslustöðvarinnar er virka daga frá 8:00 til 11:30 og frá 13:00 til 16:00. Tekið er við heimilissorpi, grófum úrgangi, lituðu timbri og hreinu timbri. Starfsmenn taka á móti förmum inn í stöðina og leiðbeina með flokkun og losun.

##### Gjaldskrá:

Flokkur 101 Blandaður úrgangur - Heimilissorp	14,50 kr/kg
Flokkur 250 Grófur úrgangur	18,00 kr/kg
Flokkur 301 Timbur - málað	11,10 kr/kg
Flokkur 302 Timbur - hreint	6,30 kr/kg

Innifalið í gjaldi er : umhleðsla, flutningur og móttökugjöld Sorpu.

Án 25,5 % vsk

Samþykkt á 191. stjórnarfundum SOS, dags. 29. júní 2010

Tilgangur og hlutverk umhleðslustöðvarinnar er að taka á móti þyngstu úrgangsflokkunum sem flytja þarf til Sorpu í eyðingu og endurvinnslu. Í umhleðslustöðinni er rúmfrekur úrgangur brotinn saman og margir minni úrgangsfarmar sameinaðir í stærri farm, sem leiðir til minni aksturs og minni kostnaðar.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá Sorpstöð Suðurlands síma 480 8230 eða [www.sorpstodsudurlands.is](http://www.sorpstodsudurlands.is)



Kristinn og Arnar

### 3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu

Starfsemin á Kirkjuferjuhjáleigu var fram að lokun 1. desember samkvæmt venju. Urðað hefur verið í rein 9 og voru um 30 metrar eftir af henni þegar urðun lauk. . Lögð hefur verið áhersla á að hafa vinnusvæðið sem minnst á hverjum tíma og leitast verið við að ganga endanlega frá þeim svæðum sem komin eru í endanlega hæð.

Eins og undanfarið hafa verið vikulegar magnmælingar á sigvatni og svo efnamælingar teknar að vori og hausti. Trjávöxtur er orðinn nokkuð góður á svæðinu og svo virðist sem gróðursetningin frá 2007 sé að heppnast ágætlega. Svæðið allt var hreinsað mjög rækilega í sumar af því rusli sem hafði fokið síðasta vetur.

Gámafyrirtækin hafa verið að nýta sér þá aðstöðu að geyma tóma gáma á svæðinu sem svo eru notaðir í skiptum fyrir fulla gáma sem fluttir eru frá gámasvæðunum um helgar, því hefur nú verið hætt.

Eftir lokun var strax farið í að hylja yfir vinnusvæðið í samræmi við starfsleyfi en ekki var sáð í yfirborð. Starfsmenn störfuðu við hreinsun fram í febrúar.

### 3,6 Starfsemin á umhleðslusvæðinu

Um miðjan júní var tekið við fyrstu förmunum til umhleðslu í Víkurheiði 4, en þar er jafnframt gámasvæði Árborgar. Starfsemin fór vel af stað og auðvelt reyndist að halda svæðinu snyrtilegu.

Í seinni hluta júlí koma fram kvartanir frá Flugklúbbi Selfoss vegna vargfugls en þá hafði annari af flugbraut klúbbsins verið lokað tímabundið. Einnig gerði Flugklúbburinn athugasemdir við að sorp hafi verið geymt yfir nóttu í umhleðslustöðinni. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir SOS í framhaldi áminningu þar sem óheimilt er að geima sorp yfir nóttu í stöðinni. SOS hefur yfirfarið verklag og tryggt að umkvörtunar efni verði ekki endurtekin.


*Umhleðslustöðin*

### 3,7 Sorpmagn

Á árinu 2009 nam innvegið magn sorps til urðunar samtals 17.337 tonnum sem er um 23% minnkun frá árinu 2008. (Rétt að taka fram að urðun lauk 1. desember og því ekki fullt ár.)

Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 10.547 tonnum til urðunar sem er 19% minnkun frá fyrra ári, en það er þó ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum þar sem einnig fer fram urðun hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Tekið var við 28% minna af sláturúrgangi en árið á undan eða samtals 2.179 tonni. Gámafyrirtækin skiluðu 3.057 tonni sem er 31% minnkun milli ára.

Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu, komu með 1.555 tonn sem er 18% minnkun. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 5.356 tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni.

### 3,8 Stærð svæðisins

Fjöldi íbúa á svæðinu var 18.791 (-1.8%) 1. desember 2009. Á [www.postur.is](http://www.postur.is) kemur fram 7. júní 2010 að heimilin á svæðinu séu 6.358 (+0,0%) og fyrirtækin 959 (+0,8%) (heimili og fyrirtæki sem móttaka fjölpóst). Sumarbústaðir eru svo 5.554 samkvæmt upplýsingum frá FMR í júlí 2008.

## 4,0 Ýmis verkefni

### 4,1 Grænt bókhald

Sorpstöð Suðurlands hefur frá síðasta aðalfundi skilað Grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir árið 2009, er það gert í samræmi við ákvæði laga nr. 851/2002. Grænt bókhald er í stuttu máli samantekt á starfsemi fyrirtækisins þar sem fram kemur hversu mikið er tekið við af úrgangi og hver hráefnanotkunin er á sama tíma. Nánar um grænt bókhald í fundargögnum.

## 4.2 Kynnisferð til SORPU

Sorpstöðin skipulagði í nóvember kynnisferð fyrir starfsmenn sveitarfélaganna í Gufunes og á endurvinnslustöðvar í Reykjavík. Tilgangur ferðarinnar var aðallega fræðsla og að koma á tengingu milli starfsmanna gámasvæðanna og starfsmanna Sorpu. Miklar breytingar verða við lokun Kirkjuferjuháleigu, flokkun eykst og þá skiptir máli að starfsmenn séu upplýstir um kröfur til einstakra flokka svo kostnaður vegna rangrar flokkunar sé í lágmarki. Fleiri gámastöðvar eru nú mannaðar og nauðsynlegt að sá starfskraftur fái tækifæri á að sjá hvert sorp og flokkuð efni fara frá gámasvæðinu.



Kynnisferð

## 4.3 Endurnýjun á starfsleyfi

Starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands fyrir urðunarstaðinn á Kirkjuferjuháleigu var endurnýjað 2009 og var gefið út nýtt starfsleyfi til 16 ára þann 13. júlí 2009. Umhverfissráðuneytið tilkynnti með bréfi þann 28. júlí að borist hefðu stjórnslukærur vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til Sorpstöðvar Suðurlands. SOS Úrskurðarnefndin hefur staðfest útgáfu starfsleyfis með breytingu á 4. málslíð í skilyrði 1.1 í starfsleyfinu. Verður: *Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágagnni í samræmi við gildandi deiluskipulag.*

## 4.4 Viðbragðsáætlun um órofin rekstur á neyðartímum

Viðbragðsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs. segir til um skipulag og stjórn byggðarsamlagsins á neyðartímum og þar með talið þegar heimsfaraldur inflúensu geisar. Neyðarskipulaginu er ætlað að búa fyrirtækið undir að takast á við vá með skipulögðum og markvissum hætti og tryggja órofin rekstur starfseminnar á neyðartímum.

## 4.5 Rafeindaúrgangur

Þann 1. janúar 2009 tóku gildi lög um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skilakerfi, samtök framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja eiga að sjá um að taka á mótí úrganginum frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og koma honum til frekari meðhöndlunar.

Fljótlega eftir gildistöku laganna kom fram eitt skilakerfi, RR-skil, sem í dag þjónustar eingöngu höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Þann 1. september sl. fengu Samskil, annað skilakerfi, starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Skv. lögum um meðhöndlun úrgangs ber skilakerfum framleiðenda að standa straum af kostnaði við meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Mikilvægt er að sveitarfélögin taki upp samstarf við skilakerfin þar sem það geti sparað þeim töluverða fjármuni jafnframt því að auka endurvinnslu í sveitarfélaginu.



*Sorphirðubíll*

#### 4,6 Hagsmunagæsla Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur leitað til sveitarfélaganna og fyrirtækja sveitarfélaganna um að gera samkomulag um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni sem felur í sér ráðningu á einum starfsmanni sem mun meðal annars fylgjast með stefnumótun í úrgangsmálum hjá ESB, sinna samskiptum við umhverfisráðuneyti, Úrvinnslusjóð og aðra hagsmunaaðila. Samstarfsaðilar skipa verkefnisstjórn og greiða kostnað vegna verkefnisins. Sorpstöð Suðurlands hefur samþykkt að gerast samstarfsaðili verkefnisins fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi og greiða hlut aðildarsveitarfélaganna. Sveitarfélög komu sér á árinu 2007 saman um að stofna til sérstaks verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, til að styrka stöðu sína í þessu mikilvæga verkefni almannaþjónustu. Um er að ræða tilraunaverkefni sem áætlað er að standi í þrjú ár. Verkefnið hófst um sl. áramót og stendur til 31. desember 2010. Aðilar að verkefninu eru Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga. Verkefninu er ætlað að sjá um eftirfarandi:

- Vera leiðandi í undirbúningi stefnumótunar sambandsins í úrgangsmálum
- Vera stjórn og starfsmönnum sambandsins til ráðgjafar um úrgangsmálefni
- Vekja athygli á þróun og breytingum í úrgangsmálum, innanlands og erlendis, sem verkefnisstjórn telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um
- Vekja athygli á málum í rekstri og starfsemi fyrirtækja sveitarfélaga á sviði úrgangsmála sem verkefnisstjórn telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði úrgangsmála, svo sem ráðstefna og námskeiða

Framkvæmdarstjóri SOS hefur verið skipaður í verkefnisstjórn vegna hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Lúðvík Gústafsson var í upphafi ráðinn starfsmaður verkefnisins. Stjórn verkefnisins fundar að jafnaði fimm sinnum á ári.

Verkefnisstjórnin vann í upphafi tillögur að stefnumótun sveitarfélaga og í janúar 2009 samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga stefnumótun í úrgangsmálum og hefur hún verið gefin út í ritinu Megináherslur í úrgangsmálum.

#### 4,7 Heimasíðan [www.sorpstodsudurlands.is](http://www.sorpstodsudurlands.is) og [www.blatunna.is](http://www.blatunna.is)

Á heimasíðu Sorpstöðvarinnar er sem fyrr að finna upplýsingar um starfseminna, fundargerðir og ýmsan fróðleik á sviði tölfraeði og umhverfismála.

#### 4,8 Færanleg brennsla

Framkvæmdastjóri SOS var skipaður í vinnuhóp um færanlega brennslu. Þegar komið var að endanlegu vali á búnaði kom tilkynning frá landlæknisembættinu um að verkefnið hafi verið stoppað vegna niðurskurðar á krepputímum. Þörf fyrir endanlega eyðingu smitefna eins og riðu er þó enn til staðar. SOS hefur ítrekað vakið athygli á málinu meðal annars við Matvælastofnun.



*Færanleg brennsla*

#### 4,9 Eftirlit UST

Reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar fór fram tvisvar á árinu. Farið var yfir hefðbundin atriði eins og magntölur, niðurstöður mengunarmælinga, tekin ný sigvatnssýni og farið yfir umgengni ásvæðinu. Svæðið var snyrtilegt eins og kemur fram í eftirlitsskýrslunni.

#### 4,10 Mælingar á sigvatni

Vikulegar mælingar fara fram á magni sigvatns sem fer frá urðunarsvæðinu á Kirkjuferjuháleigu. Einnig er tvisvar á ári tekin sigvatnssýni til efnagreininga, hefur sú sýnataka yfirleitt farið fram á sama tíma og eftirlit UST.

#### 5,0 Viðaukar

Viðauki 1; Sorpmagn til urðunar 2009

Viðauki 2; Seyra